— *Brjef* ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja um* endurgjald fyrir bráðnaða peninga. — Fjárhagsstjórn ríkisins hefir skýrt frá því, að hún hafi meðtekið frá Þorvaldi hjeraðslækni Jónssyni á Ísafirði peninga nokkra, er bráðnað hafi saman í eldsvoða í Vigur og tilheyrðu vinnumanni nokkrum, og að hjeraðslæknirinn hafi farið þess á leit, að vinnumanninum yrði greidd peningaupphæð sú, er samsvaraði verðhæð hinna saman brœddu peninga. Í annan stað hefir fjárhagsstjórnin beiðzt þess, að ráðgjafinn vildi hlutast til um, að upphæð sú, er fengizt hefir fyrir peninga þessa, þegar þeir voru brœddir í stöng í hinni konunglegu peningasmiðju, verði greidd Þorvaldi hjeraðslækni Jónssyni úr jarðabókarsjóði Íslands með 158 kr. 50 a., með því jafnmikil upphæð er talin jarðabókarsjóðnum til inntektar í viðskiptum hans við ríkissjóðinn. **184** 6. nóv.

Um leið og hið framanskráða er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeigöndum, vil jeg þjónustusamlega mælast til þess, að þjer, herra landshöfðingi, vilduð þóknanlega hlutast til þess, að fyrnefnd upphæð, 158 kr. 50 a., verði greidd úr jarðabókarsjóði, sem gjald fyrir ríkissjóðinn til hjeraðslæknis Þorvaldar Jónssonar á Ísafirði.

— *Brjef* ráðgjafans fyrir Island *til landshöfðingja um* lán úr viðlagasjóði. — Eptir að mjer með þóknanlegu brjefi frá 12. f. m. hefir borizt álit yðar, herra landshöfðingi, viðvíkjandi því, hvernig verja skuli fje viðlagasjóðsins, undanfelli jeg ekki að gefa yður til þóknanlegrar vitundar það, er hjer segir: **185** 6. nóv.

Ráðgjafinn er allsendis fús til þess, að verða við þeirri ósk, sem alþingi og þjer, herra landshöfðingi, hafið látið í ljósi um það, að afgangi þeim, er viðlagasjóði er ætlaður og ávaxtaður verður, einkum verði varið til lána á Íslandi. Yður, herra landshöfðingi er það og kunnugt, að ráðgjafinn hefir eigi nokkru sinni synjað slíkra lána, þegar fje til þeirra hefir verið fyrir hendi og nœgileg trygging boðin, enda hafa lánveitingar farið sívaxandi, einkum í fyrra, þegar ráðgjafinn eptir tillögu landshöfðingja með brjefi frá 15. ágúst[1] leyfði, að verja mætti 30000 krónum í þessum tilgangi. Af þessu hefir leitt, að af fje viðlagasjóðsins hefir verið varið nálægt 300000 kr. til lána á Íslandi.

En jafnframt þessu verður þó ráðgjafinn að ætla, að það eigi muni heppilegt, að verja gjörvöllu fje viðlagasjóðsins á þennan hátt, heldur muni þvert á móti nauðsynlegt, að verja nokkrum hluta af fje hans til einhverra þeirra eigna, sem auðkomið yrði í peninga, þar sem að öðrum kosti myndi reka að því, að ef verja þyrfti fje sjóðsins til þess, að framkvæma einhvern sjerstaklegan tilgang eða til fyrirtœkja, er almenning varða, þá yrði nauðugur einn kostur, að segja lausum lánunum á þeim tíma, sem eptir því, sem til hagar á Íslandi með peninga og lán, optlega myndi vera lántakanda mjög svo óhagkvæmur. Þótt nú ráðgjafinn hafi ætlað, að sjer eigi bœri að hafa á móti tillögum alþingis í ár um, að af innritunarskírteini því, sem hjer er, mætti verja rúmum 200000 kr. til brúa og húsagjörða á Islandi, þá munu þó veitingar þessar höggva svo stórt skarð í þann hluta af fje viðlagasjóðsins, er hjer rœðir um, að það að líkindum mun vera óráðlegt að minnka hann meira.

I brjefi ráðgjafans frá 25. sept. síðastl. var bent á það, að ástœða kynni að vera til, að ákveða nákvæmar með lögum reglur fyrir því, hvernig verja ætti fje viðlagasjóðsins, en þjer, herra landshöfðingi, hafið aptur á móti ætlað, að þessa muni ekki

1) sjá stjórnartíð. 1878 B. 129.